



## Fundargerð

Fundur í Skipulags-, - hafnar- og húsnæðisnefnd  
miðvikudaginn 15.01.20 kl. 15:00.  
Fundarstaður: Reykhólaskóli.

Mætt voru: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Ingimar Ingimarsson og Eiríkur Kristjánsson. Einnig sátu fundinn Þórður Sigfússon skipulagsfulltrúi og Ívar Örn Þórðarson slökkviliðsstjóri auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Jóhanna Ösp setti fund, bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár. Samþykkt að taka á dagskrá undir önnur mál: Aðal- og deiliskipulag vatnsorkuvers í Garpsdal.

### 1. Framkvæmdaleyfi v/ Vestfjarðavegar:

Tekin fyrir framkvæmdaleyfisbeiðni Vegargerðarinnar v/ Vestfjarðavegar frá Bjarkalundi að Skálanesi ásamt greinargerð.

Nefndin fer fram á að tekið verði tillit til eftirfarandi þátta við útgáfu framkvæmdaleyfis:

- Gætt verði að því að þangsvæði skerðist sem minnst og takmarkað verði sem verða má rask vegna framkvæmdana.
- Komið verði fyrir ídráttarlögnum í brýr á svæðinu og að heimilt verði að leggja raf- og fjarskiptastrengi í veghelgunarsvæði.
- Hraðað verði samningum við alla landeigendur eins og kostur er vegna uppkaupa á landi vegna framkvæmdanna.
- Að bætt verði inn í greinargerð varðandi bundið slitlag, að það gildi einnig um Djúpadal.
- Teikningar og hönnun á brúm liggi fyrir sem fyrst.
- Athugað verði með breytta áfangaskiptingu verksins.

Skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd felur skipulagsráðgjafa sínum að koma ofangreindum athugasemdum í greinargerðina. Hún verði síðan send til umsagnar til Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar og Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps. Miðað verði við að tveggja vikna frestur verði gefinn til að skila inn umsögnum.

Samþykkt með tveimur atkvæðum en Ingimar situr hjá.

### 2. Tilboð í úttekt veitukerfa:

Lagt fram tilboð frá Verkís varðandi úttekt á veitumannvirkjum á Reykhólum. Nefndi leggur til við sveitarstjórn að gengið verði að tilboðinu og staðkunnugir heimamenn fengnir til að aðstoða við upplýsingaöflun.

### 3. Lóð Skálmarnesmúla:

Liðnum frestað.

### 4. Vindorkugarður Garpsdal -matsáætlun:

Kynntar tillögur að smávægilegum breytingum á matsáætlun vegna vindorkugarðs í Garpsdal. Nefndin gerir ekki athugasemdir við tillögurnar.

**5. Kostnaðarframlag vegna aðalskipulags:**

Lagt fram kynningar.

**6. Staða húsnæðismála:**

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi fjármögnun nýs húsnæðis við Hólatröð og önnur húsnæðismál.

**7. Staða hafnarmála:**

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu hafnaframkvæmda.

**8. Önnur mál:**

**a) Aðalskipulagsbreyting v/ vatnsaflsvirkjunnar í Garpsdal:**

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirliggjandi tillögu og greinargerð dags.

06.11.2019 um breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, vegna vatnsaflsvirkjunar í Garpsdal, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og mælist til við sveitarstjórn að greinargerð og tillaga verði auglýst skv. 30. og 31. gr. sömu laga.

**b) Deiliskipulagsbreyting v/ vatnsaflsvirkjunnar í Garpsdal:**

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirliggjandi greinargerð og tillögu um nýtt deiliskipulag vegna vatnsaflsvirkjunar í Garpsdal og mælist til að sveitarstjórn feli skipulagsfulltrúa að auglýsa skipulagið samkvæmt lögbundnu auglýsingaferli.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30

---

---

---

---

---

---

---